

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um framkvæmd í flokki C

| | |
|--------------------|---|
| Heiti framkvæmdar | Fiskeldi í rannsóknaskyni að Árleyni 2a, Reykjavík |
| Framkvæmdaraðili | Matís ohf. |
| Sveitarfélag | Reykjavík |
| Tegund framkvæmdar | Töluliður 1.12 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum: þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er minni en 200 tonn og fráveita er til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er minni en 20 tonn og fráveita er í ferskvatn. |

Framkvæmdalýsing (stutt samantekt)

Um er að ræða þróunarverkefni í fiskeldi þar sem gera á fóðurtilraunir á bleikju og lax. Í vaxartilraunum með seiði (u.þ.b. 0.2-1 gr) verða notaðir 48 eldistankar, hver tankur 20 L að rúmmáli, með gegnumstreymiskerfi (rennsli 1 L/sek). Gerð verður prófun á áhrifum nýrra tegunda af fóðurhráefnum eða fóðursamsetningu á vöxt seiðanna. Hámarkslífmassi í þessari tilraun verður 24 kg. Samskonar rannsóknir verða einnig gerðar á stærri seiðum (u.þ.b. 50-500 gr) auk þess sem mæla á aðra líffræðilega þætti, eins og meltingu. Í þessum þætti rannsókna verða notuð 32 ker, hvert ker 1 m³, sem tengd eru síu og verður vatn til eldisins endurnýtt. Hámarkslífmassi í þessari tilraun verður 1.600 kg. Loks verða fjögur ker (4 m³ að stærð) notuð sem „aðlögunarker“, til að geyma í stuttan tíma fisk fyrir og eftir tilraunir. Þessi ker eru einnig tengd síu og endurnýtingarkerfi.

Öll aðstaða til fiskeldisins er til staðar. Engar frekari framkvæmdir verða á eldismannvirkjum vegna endurnýjunar á starfs- og rekstrarleyfi stöðvarinnar og fyrir liggur að ekki þarf að veita framkvæmda- eða byggingarleyfi.

Var leitað umsagna?

Nei

| Hefur framkvæmdin áhrif á: | Já/nei | Eru áhrifin líkleg til að verða mikil? Skýrið. |
|--|--------|--|
| Friðlýst svæði s.s þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti, fólkvanga | Nei | |
| Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum vegna tiltekinnar vistkerfa og jarðminja s.s eldhraun, jarðhitasvæði og votlendi | Nei | |
| Svæði í verndarflokki rammaáætlunar, á náttúruverndaráætlun eða í náttúruvæðingaskrá | Nei | |
| Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, (Mývatn og Laxá og Breiðafjörður) | Nei | |
| Svæði sem njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum s.s. Ramsarsamningnum og Bernarsamningnum | Nei | |
| Svæði sem njóta verndar vegna fornminja eða friðaðra mannvirkja | Nei | |
| Vatnsverndarsvæði | Nei | |
| Hverfisverndarsvæði samkvæmt skipulagsáætlunum | Nei | |
| Víðerni | Nei | |
| Landslag, ásýnd svæðis eða landnotkun | Nei | |
| Fyrirhugaða landnotkun samkvæmt skipulagi | Já | Engin áhrif. Er á svæði fyrir rannsóknastofnanir. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-20130 gerir ráð fyrir að á Keldnaholti verði atvinnuhúsnæði. |
| Jarðmyndanir (t.d eldhraun, fossar, hverasvæði, eldvörp) | Nei | |
| Stöðuvötn, tjarnir, sjávarfitjar eða leirur | Nei | |
| Gróður og gróðurlendi (t.d. mýrar) | Nei | |
| Dýralíf (t.d. fuglar og fiskar) | Nei | |
| Loftgæði | Nei | |
| Menningarminjar | Nei | |
| Samfélag, s.s. áhrif á íbúa eða atvinnu | Nei | |
| Úrgangsmýndun | Nei | Óveruleg áhrif. Eldisvatn verður síað. Umfang eldisins verður innan við 2 tonn. Ekki varanleg starfsemi. |
| Mengun og ónæði | Nei | Engin áhrif. Eldisvatn verður endurnýtt. |
| Slyshættu | Nei | |

| | |
|------------------|----------------|
| Dags. ákvörðunar | 13. júlí 2017 |
| Ákvörðun | Ekki háð mati |
| Kærufrestur | 21. ágúst 2017 |

